

Nd.

760. Frumvarp til laga

um róðrartíma fiskibáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að allir bátar, sem sækja til fiskjar frá veiðistöðvum við sunnan- og innanverðan Faxaflóa og leggja lóðir sínar vestur af Garðskaga í Miðnessjó, skuli hlfta reglum þeim, er settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Brottfarartíma báta þeirra, sem um getur í 1. gr., til fiskiróðra frá heimahöfn skal hagað þannig, að bátar frá öllum veiðistöðvum, er þar getur, séu komnir í sama mund á ákveðinn stað. Á þeim stað skal jafnan, nema óviðráðanleg atvik hamli, vera eftirlitsskip, er hafi ákveðið ljósmerki. Brottfarartími bátanna til fiskiróðra frá eftirlitsskipinu skal vera hinn sami, og þegar sá tilsetti tími er kominn, skal eftirlitsskipið gefa ljósmerki, og er bátum óheimilt að leggja af stað frá eftirlitsskipinu, fyrr en merkið hefur verið gefið. Staður sá, er bátarnir hittast á, og brottfarartími þeirra þóðan skal ákveðinn í reglugerð.

3. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélaga skulu hver um sig kjósa 3 bátaformenn til þess, ásamt skipstjóra eftirlitsskipsins, að hafa eftirlit með því, að fylgt sé reglum þeim, er um getur í 2. gr. Enginn formaður, er sjó stundar frá hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélagi, getur skorast undan kosningu.

4. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur ráðherra sett með reglugerð.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, sem sett kann að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 500.00—5000.00. Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. er flutt fyrir til mæli ríkisstjórnarinnar, og fylgdi því svolátandi greinargerð:

„Vegna þess að fiskimiðin í og utan við Faxaflóa notast nú ekki eins og áður vegna hernaðaraðgerða, ber brýna nauðsyn til, að hagnýting þess svæðis, sem opið er, fari skipulega fram. Er sérstaklega nauðsynlegt, að fiskibátarnir leggi lóðir sínar samtímis, og er það höfuðtilgangur frv. að tryggja þetta.“